



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Rannsóknasjóður Háskóla Íslands

Vinnureglur við úthlutun

- 1. Rannsóknasjóður** Háskóla Íslands var stofnaður árið 1982 í þeim tilgangi að efla rannsóknastarfsemi við Háskólann. Vísindanefnd Háskóla Íslands fer með stjórn sjóðsins. Skrifstofa vísinda- og nýsköpunarsviðs Háskólans sér um umsýslu sjóðsins.
- 2. Til þess** að umsókn teljist styrkhæf verður vísindalegt gildi fyrirhugaðra rannsókna að vera ótvírætt. Verkefnið þarf að vera vel skilgreint faglega og tímaáætlun rökstudd. Einnig er nauðsynlegt að umsækjendur sýni fram á vísindalega hæfni sína og nægilega góða aðstöðu til þess að vinna fyrirhugað verk og að líklegt sé að niðurstöður fái birt í fræðiritum sem gera strangar kröfur.
- 3. Úthlutað er** einu sinni á ári og rennur umsóknarfrestur venjulega út um miðjan október (sbr. auglýsingu hverju sinni). Umsækjendum er ráðlagt að kynna sér hverjir eiga rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum og hvaða kostnaðarþætti sjóðurinn styrkir.
- 4. Umsækjendum** er bent á að vönduð umsókn eykur líkur á styrkveitingu. Starfsfólk vísinda- og nýsköpunarsviðs er til aðstoðar fyrir umsækjendur eftir því sem kostur er. Skila þarf framvinduskýrslum um notkun fyrri styrkja úr sjóðnum og árangur sem náðist á styrktímabilinu. Hafi umsækjandi hlotið verkefnastyrk til annars verkefnis ber honum að skila lokaskýrslu um það eigi síðar en við nýja umsókn.
- 5. Enda þótt** heildarverkefni geti tekið mörg ár eru umsækjendur beðnir að gera framkvæmdaáætlun og lýsa ítarlega verkþáttum komandi styrktímabils. Greiðslur styrkja dreifast á styrktímabilið í samræmi við greiðsluáætlun. Þær eru almennt millifærðar á bókhaldsnúmer styrkþegans hjá stofnun eða deild.
- 6. Umsækjandi** skal gera grein fyrir einstökum kostnaðarþáttum og skýra hvers vegna þörf er á styrk til þeirra.
- 7. Um styrkhæfi** umsækjenda vísast til ákvæða 29. gr. og 43 gr. reglna Háskólans. Prófessorar, dósentar, lektorar, vísindamenn, fræðimenn og sérfræðingar við Háskóla Íslands geta sótt um fé úr sjóðnum. Vísindamenn, fræðimenn og sérfræðingar skulu hafa rannsóknir að aðalstarfi. Einnig geta aðjúnktar með rannsóknaskyldu sótt um styrk til sjóðsins.
- 8.** Stjórn sjóðsins annast faglegt mat umsókna og mat á ritvirkni umsækjenda.
- 9. Styrkir** eru einkum veittir til eftirtalinnna kostnaðarþátta tengt rannsókninni:
 - a. Launa vegna vinnu** doktorsnema og aðstoðarmanna við rannsóknarverkefnið, samkvæmt umsókn.

- b. **Annars kostnaðar.** Undir þennan lið falla m.a. ýmsar rekstrarvörur, aðkeypt þjónusta og tölvukostnaður. Ferðakostnaður erlendis er ekki veittur nema þegar sýnt þykir að ferðin sé nauðsynleg vegna eðlis verkefnis. Enn fremur er höfð hliðsjón af því hvort umsækjandi hefur aðgang að öðrum sjóðum sem veita ferðastyrki. Ferðastyrkir eru veittir samkvæmt áætluðum kostnaði en ekki dagpeningaákvæðum.

10. Styrkir til nýdoktora. Heimilt er að veita styrki til nýdoktora ef fjárveitingar sjóðsins leyfa. Til nýdoktora teljast þeir sem lokið hafa doktorsverkefni sl. fimm ár. Styrkhæfir eru nýdoktorar sem fjármagnaðir eru af sérstökum nýdoktorastyrk veittum einstaklingi í samkeppni af viðurkenndum aðila, svo sem frá Rannsóknasjóði vísinda- og tækniráðs eða úr öðrum rannsóknasjóðum, til að leggja stund á rannsóknir við Háskóla Íslands eða stofnanir í tengslum við hann.

11. Útlagður kostnaður er greiddur eftir því sem verkinu miðar, samkvæmt reikningum sem berast frá styrkþega. Ef um laun er að ræða ber að snúa sér til launadeildar, en reikninga vegna annars kostnaðar ber að senda til fjárreiðusviðs Háskólans.

12. Styrkir til doktorsverkefna.

- a. **Heimilt er** að veita framfærslustyrki til doktorsnema. Fagráð vísindanefndar annast mat á umsóknum.
- b. **Við meðferð** umsókna og mat á þeim skal fara eftir [reglum Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands](#).